

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/217

2016/EES/27/45

frá 16. febrúar 2016

um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi kadmíumi) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 23. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er lagt bann við notkun kadmíums og kadmíum-efnasambanda í málningu með kóðana [3208] [3209] með undanþágu fyrir málningu, að stofni til úr sinki. Þessi takmörkun gildir þó ekki um setningu málningar, sem inniheldur kadmíum, á markað.
- 2) Í nóvember 2012 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) að hún tæki saman málsskjöl skv. XV. viðauka með það fyrir augum að framlengja gildandi takmörkun við setningu slíkrar málningar, sem inniheldur kadmíum yfir tilteknum styrk, á markað.
- 3) Hinn 9. september 2014 samþykkti áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar álit, með samhljóða samþykki, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að slík breyting á gildandi færslu myndi greiða fyrir framfylgd og staðfest að viðbótarmat á þeirri áhættu sem stafar af kadmíumi í málningu sé ekki nauðsynlegt.
- 4) Hinn 25. nóvember 2014 samþykkti nefnd um félagshagfræðilega greiningu á vegum Efnastofnunarinnar álit, með samhljóða samþykki, þar sem bent er á að tillögð breyting á gildandi takmörkun sé hófleg þar eð hún hefði ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir framleiðendur, innflytjendur eða neytendur við að fylgja reglum en myndi bæta framfylgjanleika takmörkunarinnar.
- 5) Það er auðveldara fyrir eftirlitsyfirvöld að vakta og stýra setningu á markað en notkun. Enn fremur kemur skýrt fram með innleiðingu styrkleikamarka að kadmíum í málningu, sem er fyrir hendi án ásetnings sem óhreinindi, undir þessum mörkum leiðir ekki til þess að brotið sé gegn takmörkuninni.
- 6) Haft var samráð við gagnaskiptatorg vegna framkvæmdar og var tekið tillit til ráðlegginga þess.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 40, 17.2.2016, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað 2. liðar í 2. dálki í 23. færslu XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 komi eftirfarandi:

„Kadmíum CAS-nr. 7440-43-9 EB-nr. 231-152-8 og efnasambönd þess	2. Skal ekki notað eða sett á markað í málningu með kóðana [3208] [3209] í styrk (gefinn upp sem kadmíummálmur) sem er jafn eða meiri en 0,01% miðað við þyngd. Að því er varðar málningu með kóðana [3208] [3209] þar sem sinkinnihald fer yfir 10% miðað við þyngd málningarinnar skal styrkur kadmíums (gefinn upp sem kadmíummálmur) ekki vera jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd. Ekki skal setja málaða hluti á markað ef styrkur kadmíums (gefinn upp sem kadmíummálmur) er jafn eða meiri en 0,1% miðað við þyngd málningarinnar á málaða hlutum.“
---	--